

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Samkvæmt 6. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð og hefur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 23. október 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Björn Helgi Barkarson.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2025